

ÁRSSKÝRSLA
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1964.

STJÓRN.

Stjórn KKÍ var þannig skipuð á árinu:

Bogi Þorsteinsson formaður, Magnús Björnsson varaformaður, Ingi Þór Stefánsson féhirðið, Gunnar Petersen fundarritari, Gunnar Eggertsson bréfitari, Einar Ólafsson form. útbreiðslunefndar og Halldór Sigurðsson form. laga- og leikreglnanefndar.

Alls voru haldnir 30 bókaðir fundir á árinu, auk funda með körfuknattleiksmönnum og blaðamönnum.

Þorsteinn Hallgrímsson, fyrsti varamaður, sótti flesta stjórnarfundir á starfsárinu.

STJÓRNARSTÖRF.

Stjórnarstörf voru umfangsmikil að venju og aukast þau eftir því, sem KKÍ vex fiskur um hrygg. Mikill tími fór í að afla fjár, til að greiða niður skuldir sambandsins og standa straum af útgjöldum í sambandi við rekstur þess.

Mikil hjálp var af styrk, að upphæð 39 þúsund kr., er KKÍ fékk í sinn hluta af tekjum ÍSÍ, skv. fjárlögum. Hrökk sú upphæð þó hvergi til að hægt væri að greiða allar skuldir frá fyrra ári, en þó er sambandið nú í fyrsta skipti í langan tíma, laust við bankaskuldir.

Stjórn KKÍ sá í fyrsta skipti um framkvæmd Íslandsmótsins og naut þar góðrar fyrirgreiðslu KKDÍ og ÍBR, auk þess sem Reykjavíkurfélögin skiptust á um að hjálpa til, með því að leggja til starfsmenn á leikjunum. Flytur stjórn KKÍ þessum aðilum þakkir fyrir.

POLAR CUP.

Polar Cup keppnin, sem jafnframt er Norðurlandameistaramót í körfuknattleik, fór að þessu sinni fram í Helsinki, dagana 20. - 22. marz.

Landsliðsnefnd KKÍ, sem skiptuð var þeim Einari Ólafssyni og Inga F. Gunnarssyni, valdi landsliðið í desember, en reglulegar landsliðsæfingar hófust þó ekki fyrr en eftir áramót.

Þessir piltar voru valdir til fararinnar:

Þorsteinn Hallgrímsson, Guðmundur Þorsteinsson, Viðar Ólafsson og Hólmsteinn Sigurðsson allir frá Í.R., Kristinn Stefánsson, Gunnar Gunnarsson, Guttormur Ólafsson og Einar Bollason frá K.R., Birgir Örn Birgis, Davíð Helgason og Sigurður Ingólfsson frá Ármanni og Ólafur Thorlacius frá K.F.R.

Síðar kom í ljós, skömmu áður en farið var utan, að þeir Guðmundur Þorsteinsson og Viðar Ólafsson gátu ekki farið með vegna sjúkleika og var Anton Bjarnason Í.R., þá tekinn í liðið.

Útilokað var að fá sérstakan æfingartíma í íþróttahúsum höfuðborgarinnar og varð því að leita á náðir félaganna, sem lánuðu sambandinu 1 tíma í viku, hvort félag, af naumum æfingartíma sínum.

Síðasta mánuðinn áður en liðið fór utan, lánaði K.R. íþróttasal sinn, frá kl. 23 - 24, eitt kvöld í viku, án endurgjalds. Vill stjórn KKÍ sérstaklega þakka Sveini Björnssyni, formanni húsnefndar K.R. fyrir þessa aðstoð.

Farið var utan með flugvél Flugfélags Íslands til Kaupmannahafnar 18. marz og flogið samdægurs með þotu frá Finair til Helsinki. Ferðaskrifstofan Saga skipulagði ferðina.

Auk leikmanna þeirra, sem fyrr eru taldir, tóku þessir þátt í förinni: Bogi Þorsteinsson form. KKÍ, fararstjóri, Ingi F. Gunnarsson frá landsliðsnefnd, aðstoðarfararstjóri, Guðjón Magnússon dómari, er dæmdi tvo leiki á mótinu og ennfremur slóst með í förina, Einar Matthíasson fyrrverandi landsliðsmaður, sem nú mætti sem blaðamaður og skrifaði um leikina fyrir blöð í Reykjavík.

Ingi Þór Stefánsson, gjaldkeri KKÍ, slóst í hópinn í Helsinki.

Fulltrúar finnska körfuknattleikssambandsins tóku á móti liðinu á flugvellinum og fylgdu því til gistingar á íþróttahéimili, sem rekið er á hinum mikla Olympíuleikvangi. Var allur aðbúnaður þar hinn bezt.

Þar sem frásögn af þátttöku okkar kom í 3. tlb. Íþróttablaðsins skal hér farið fljótt yfir sögu.

Leikirnir fóru þannig: Ísland - Svíþjóð 59:65, Ísland - Danmörk 56:55 og Ísland - Finland 48:81.

Önnur úrslit í mótinu urðu þessi: Finnland - Danmörk 105:40, Finnland - Svíþjóð 81:54 og Svíþjóð - Danmörk 85:41.

Íslenzka liðið fékk mjög góða blaðadóma í Finnlandi. Var liðið talið standa bæði Dönnum og Svíum framur um tækni og leikaðferðir. Ennfremur fékk Þorsteinn Hallgrímsson ágæta dóma, og var hann talinn vera einhver bezti körfuknattleiksmaður á Norðurlöndum. Leikir Íslands við Danmörk og Svíþjóð voru taldir skemmtilegustu og beztu leikirnir á mótinu.

Greinilegt er, eftir þessa ferð, að körfuknattleikurinn er í mikilli framför hérlendis. Þann árangur má ekki hvað sízt þakka hæfileikum og dugnaði landsliðsþjálfarans, Helga Jóhannssonar, og færir stjórn KKÍ honum þakkir fyrir vel unnin störf.

Guðjón Magnússon körfuknattleiksdómari dæmdi tvo leiki í Helsingfors, eða leik Danmerkur við Svíþjóð og leik Danmerkur við Finnland. Tókst honum vel upp, en hann var eini dómari á mótinu, sem ekki hafði alþjóðaréttindi. Er orðin mikil þörf á að Ísland eignist alþjóðadómara í körfuknattleik.

KÖRFUKNATTLEIKSRÁÐ NORÐURLANDA.

Í sambandi við Polar Cup í Helsingki var haldið þing Körfuknattleiksráðs Norðurlanda. Fulltrúi Íslands á þinginu var Bogi Þorsteinsson form. KKÍ.

Tilkynnt var á þinginu að F.I.B.A. hefði viðurkennt þetta Polar Cup mót, sem undanrás í Evrópumeistarakeppninni, sem fer fram í Rússlandi sumarið 1965.

Rætt var um samvinnu norrænu fulltrúanna á þingum Evrópu og Miðjarðarhafsdeildar F.I.B.A.

Samþykkt var að Svíar haldi Polar Cup mót fyrir konur, haustið 1965, ef að 3 lönd tilkynni þátttöku. Fulltrúi KKÍ taldi litlar líkur vera á þátttöku Íslands á því móti.

Samþykkt var, að reyna að fá F.I.B.A. til að halda námskeið fyrir alþjóðadómara á Norðurlöndum og buðust Danir til að reyna að fá að halda slíkt námskeið fyrir næsta Polar Cup 1965.

Samþykkt var, að greiða atkvæði með Finnlandi, er ákveðið verður um hvar næsta EM verður haldið.

Samþykkt að halda áfram að bjóða þátttakendum frá hinum Norður- löndunum á þjálfara- og dómaraámskeið.

Danir tilkynntu að næsta Polar Cup keppni fari fram í Kaupmannahöfn um páskana 1966.

Formaður Körfuknattleiksráðsins til tveggja ára var kjörinn Jörgen Strömberg, formaður Körfuknattleikssambands Danmerkur.

30 ára afmæli Suomen Koripalloliitto.

Körfuknattleikssamband Finnlands hélt hátíðlegt 30 ára afmæli sitt, laugardaginn 21. marz. Í því tilefni færði form. KKÍ Finnum forkunnarfagrann veggskjöld úr brenndum íslenzkum leir, er sérstaklega var gerður í þessu tilefni. Skjöldurinn var gerður hjá Glit h/f og sýndi hann eldgos úr Surtsey ásamt merki KKÍ. Vakti gjöf þessi mikla athygli.

Finnska sambandið bauð öllum þátttakendum í Polar Cup mótinu á afmælishófið sitt, sem haldið var að Hotel Olympia. Var það hinn bezt fagnaður.

Körfuknattleiksráðstefna F.I.B.A.

Formaður KKÍ sótti þing Evrópu- og Miðjarðarhafsdeildar F.I.B.A., sem haldin var í Bad Kreuznach í Vestur-Þýzkalandi, dagana 13. til 15. júlí í sumar.

Þingið sóttu um 60 fulltrúar frá 30 körfuknattleikssamböndum. Meðal mála þeirra sem rædd voru á þinginu, var m.a. samþykkt, er nokkuð snertir okkur Íslendinga. Er þar átt við, að samþykkt var, að tvö efstu sætin í Polar Cup, skuli veita aðgang að hinni 16 liða Evrópumeistarakeppni. Má telja þetta mikla viðurkenningu á styrkleika þeirra liða, er leika í Polar Cup og má jafnframt telja, að hér opnist leið fyrir íslenzkt landslið til þátttöku í Evrópumeistarakeppninni sjálfri, og er þá hafður í huga naumur sigur Svía yfir liði okkar á síðasta Polar Cup.

Evrópu Cup meistaraliða.

Íþróttafélag Reykjavíkur, Íslandsmeistararnir í m.fl. karla 1964 hafa fengið leyfi og tilkynnt þátttöku sína í Evrópu Cup meistaraliða. Er ánægjulegt að Íslandsmeistararnir skuli sjá sér fært að taka þátt í keppni þessari, en keppt er heima og heiman og mun þátttaka Í.R. þess

vegna veita okkur kost á að sjá meistaralið frá einhverju nágranna landanna, leika í fyrsta skipti á íslenskri grund.

Herra Raimundo Saporta Namias, varaformaður Real Madrid, á sæti í þeirri nefnd F.I.B.A., er skipuleggur bikarkeppnina. Bauð hann formanni KKÍ, að skipa lið Real Madrid, núverandi bikarhafa, til að keppa gegn Í.R. í fyrstu umferð, í því augnamiði, að vekja athygli á fyrstu þátttöku liðs frá Íslandi í þessari keppni. Því miður varð að hafna þessu góða boði, vegna hins mikla ferðakostnaðar til Madrid og þá ekki síður vegna skorts á löglegu keppnishúsnæði í Reykjavík.

Seinagangurinn í byggingu íþróttahallarinnar í Laugardal drepur niður alla viðleitni körfuknattleiksliða, svo og KKÍ, til að koma á eðlilegum viðskiptum við aðrar þjóðir í þessari íþróttagrein.

Bikarkeppni við Varnarliðsmenn.

Yfirmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli gaf sl. haust, veglegan grip til verðlauna í bikarkeppni milli úrvals varnarliðsmanna á flugvellinum og úrvals körfuknattleiksmanna úr Reykjavík. Skildi keppt um gripinn 5 sinnum á ári, til skiptis í Reykjavík og á flugvellinum.

Stjórn KKÍ sá um framkvæmd þessara leika s.l. vetur í umboði ÍBR og KKRR. Fóru 3 leikir fram á Keflavíkurflugvelli og tveir að Hálogalandi. Sigraði Reykjavíkurúrvalið í þremur leikjanna og hlaut því verðlaunagripinn til geymslu fyrsta árið.

Fyrsti leikurinn í þessari keppni í vetur fór fram í september í íþróttahúsinu á Keflavíkurflugvelli og sigraði Reykjavíkurúrvalið glæsilega með 85:64.

Annar leikur keppningar fór fram að Hálogalandi 23. ~~okt.~~ s.l. og sigraði landsliðið í jöfnum leik 68:64. Fyrir hönd Reykjavíkur keppti landsliðið, sem nýlega hafði verið valið til Bandaríkjafarar, en að öðru leiti sér KKRR um framkvæmd þessarar keppni í vetur.

Styrkur frá Olympíunefnd.

Í byrjun júnímánaðar í sumar, fór fram í Genf í Svisslandi, úrtökumót fyrir Olympíuleikana í Tokyo. Var keppt um 2 sæti fyrir Evrópulíð, en alls tóku 15 lið þátt í mótinu og hlutu vinir okkar Finnar annað sæti og öðluðust þar með rétt til að senda lið sitt til

Tokyo.

Stjórn KKÍ taldi æskilegt að landslið okkar tæki þátt í þessu móti, þar sem hætt væri við stöðnun í körfuknattleik okkar, ef einu skiptin við aðrar þjóðir, væri þátttaka okkar í Polar Cup á tveggja ára fresti.

Olympíunefnd Íslands var því skrifað og sótt um leyfi til að senda bráðabyrgða þátttökutilkynningu til FIBA. Fékkst leyfið og jafnframt var ákveðið að endanleg ákvörðun skildi verða tekin eftir að árangurinn í Helsinki hefði komið í ljós.

Eftir að landsliðið kom heim frá Helsinki, taldi Olympíunefnd að árangurinn hefði ekki verið nægilega góður til að senda liðið til Svisslands, en veitti hins vegar KKÍ kr. 20.000 í styrk vegna þjálfunarkostnaðar á landsliðinu.

Stjórn KKÍ harmar að Olympíunefnd sá sér ekki fært að styrkja körfuknattleiksmenn okkar til þátttöku í þessu móti. Árangur Finna gefur nokkra vísbendingu um, að landslið okkar hefði tæplega lent í neðsta sæti á mótinu og auk þess hefði þátttaka orðið piltunum okkar dýrmætur skóli.

People to People Sports.

Á 13. fundi stjórnar KKÍ, þann 4. apríl s.l. tilkynnti formaður að sér hefði borizt bréf frá Mr. Frank A. Walsh, formanni Körfuknattleiksnefndar, samtaka í Bandaríkjunum, er nefnast People to People Sports. Formaður þessara samtaka væri Dwight D. Eisenhower fyrrverandi forseti og heiðursforseti væri Lyndon B. Johnson.

Mr. Walsh óskaði í bréfi sínu eftir upplýsingum um körfuknattleik á Íslandi og spurði jafnframt hvort KKÍ hefði áhuga á að senda lið til keppni í Bandaríkjunum.

Samþykkt var að senda Mr. Walsh umbeðnar upplýsingar og enn fremur að áhugu væri fyrir að senda lið til USA ef hagstætt tilboð bærisk.

Var Mr. Walsh sent stutt yfirlit yfir þróun körfuknattleiks á Íslandi ásamt úrslitum frá öllum landsleikjum í körfuknattleik. Enn fremur nokkrar úrklippur úr blaði Varnarliðsins, White Falcon, þar sem skrifað var um leiki landsliðsins við úrvalslið af Keflavíkurflugvelli.

Skömmu síðar barst bréf frá Mr. Walsh, þar sem hann fyrir hönd People to People Sports, bauð KKÍ að senda landsliðið til keppni í Bandaríkjunum í vetur. Mundi liðið þurfa að leika 10-12 leiki til að vinna fyrir kostnaði. Fyrirkomulag yrði þannig, að keppt væri við áhugamanna eða skólalið, sem hvert um sig greiddi 350 dali fyrir leikinn, auk næturgistingar og þriggja máltíða.

Tilboði þessu var tekið með þökkum, einkum þar sem vitneskja barst um svipað leiti, að Olympíunefnd sæi sér ekki fært að taka þátt í Olympíumótinu í Sviss.

Landsliðsnefnd valdi þegar 29 pílta til landsliðaæfinga og voru þeir frá Reykjavíkurfélögunum, Skarphéðni, ÍKF og einn frá Íþróttafélagi Menntaskólans á Laugarvatni.

Valshúsið fékkst til æfinga eitt kvöld í viku og Einar Ólafsson íþróttakennari var ráðinn landsliðsþjálfari, en Helgi Jóhannsson taldi sig ekki geta farið með liðinu vestur vegna atvinnu sinnar.

Haldið var áfram bréfasambandi við Mr. Walsh og um það samið, að landsliðið færi vestur þann 27. des. n.k. og kæmi heim 17. jan. 1965.

Samið hefur verið um eftirtalda leiki:

- 28. des. Hofstra University, Hemstead, Long Island.
- 20. - Bolling AFB, Washington, D.C.
- 2. jan. Catholic University, Washington.
- 4. - Gallaudet College, Washington.
- 5. - Plattsburgh State, Plattsburgh, N.Y.
- 6. - Potsdam State University, Potsdam, N.Y.
- 7.-10. University of Montreal, Canada.
- 11. - St. Michaels College, Winooski, Vermont.
- 12. - Plymouth State College, Plymouth, N.H.
- 14. - St. Anselms College, Manchester, N.H.
- 16. - M.I.T., Cambridge, Mass.

Þann 15. jan. verður liðið heiðursgestir Boston Celtics á leik Celtics í Boston Garden.

Landsliðsæfingar í íþróttahúsinu á Keflavíkurflugvelli hófust um miðjan september og eru þær tvisvar í viku.

Landsliðsnefnd valdi síðan landsliðið snemma í október og er liðið þannig skipað:

Birgir Örn Birgis, Finnur Finnsson og Sigurður Ingólfsson frá Ármanni. Jón Jónsson og Þorsteinn Hallgrímsson frá Í.R. Ólafur Thorlacius frá KFR og Einar Bollason, Gunnar Gunnarsson, Hjörtur Hansson, Guttormur Ólafsson, Kristinn Stefánsson og Kolbeinn Pálsson frá K.R.

Alls hafa liðsmenn 65 landsleiki að baki og eru aðeins tveir nýliðar í liðinu. Er óhætt að fullyrða að aldrei fyrr hefir landslið okkar verið skipað jafn mörgum reyndum leikmönnum, enda þótt meðalaldur sé aðeins liðlega 20 ár.

Skýrsla útbreiðslunefndar.

Útbreiðslunefnd hefur unnið mest að fjórum verkefnum:

1. Útvegum þjálfara. Snemma á starfsárinu kom beiðni frá Ungmennafélagi Selfoss og Ungmennafélagi Hrunamanna um útvegum þjálfara og tókst útbreiðslunefnd að fá til starfsins Sigurð P. Gíslason, íþróttakennara. Fór hann austur að Selfossi þrjár helgar og starfaði þar með yngri og eldri flokkum í körfuknattleik.
2. Í marz 1964 sendi nefndin út eyðublöð vegna tæknimerkja KKÍ, til allra félaga í Reykjavík, sem iðka körfuknattleik. Einnig gerði nefndin ráðstöfun til, að allir starfandi íþróttakennarar á landinu fengju þessi eyðublöð ásamt reglum og ákvæðum um tæknimerki KKÍ. Árangur af þessu starfi hefur enn ekki verið mikill, aðeins eitt félag og einn skóli hafa skilað skýrslu.
3. Í samvinnu við Íþróttakennaraskóla Íslands var haldið námskeið í körfuknattleik fyrir íþróttakennara og áhugamenn, 2.-7. sept. sl. Aðalkennari námskeiðsins var James Gödger frá North Carolina í Bandaríkjunum. Námskeiðið sóttu alls 20 kennarar, einn áhugamaður frá Laugarvatni og 15 frá Reykjavíkurfélögunum. Þar af voru aðeins átta, sem komu alla dagana, 7 frá Í.R. og 1 frá Ármanni.
4. Þá hefur skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands, að beiðni útbreiðslunefndar, gert uppkast að reglugerð um þjálfaranámskeið í körfuknattleik og tillögu að samningi um starfrækslu slíkra námskeiða á vegum Í.K.Í. og KKÍ. Einnig hefur hann haft til athugunar námskrá fyrir þjálfaranámskeið, sem formaður útbreiðslunefndar lagði fyrir hann. Þetta nauðsynjamál er nú komið vel á rekspól og verður gengið endanlega frá því á næsta starfsári.

Eftirtaldir piltar luku prófum fyrir tæknimerki KKÍ s.l. vor.

Gullmerki KKÍ:

Magnús Valgeirsson,	15 ára - í.R.
Hallgrímur Geirsson,	15 - -
Viktor Ægisson,	16 - -
Vilhjálmur Sigurgeirsson,	15 - -
Finnur Guðsteinsson,	16 - -
Sigmar Karlsson,	15 - -
Skúli Jóhannsson,	15 - -
Þorlákur H. Helgason,	15 - -
Arnar Guðlaugsson,	15 - -
Birgir Jakobsson,	16 - -
Gylfi Kristjánsson,	15 - -
Gunnar Haraldsson	15 - -
Sigurbergur Sigsteinsson,	16 - -
Stefán Friðfinnsson,	15 - -
Pétur Böðvarsson,	15 - -
Einar P. Stefánsson,	16 - -
Kristján Ólafsson,	16 - -
Jón Ág. Jóhannsson,	16 - -
Bolli Björnsson,	16 - -
Gestur Árnason.	15 - -

Silfurmerki KKÍ:

Haraldur Þráinsson,	14 ára - Langholtssk.
Kristján P. Benediktsson,	14 - - -
Rúnar Vilhjálmsson.	14 - í.R.

Bronsmerki KKÍ:

Jónas Snæbjörnsson,	12 ára - Langholtssk.
Gísli Jónsson,	13 - - -
Halldór Jónsson,	13 - - -
Einar Örn Einarsson,	13 - - -
Ingvar S. Jónsson,	13 - - -
Ólafur W. Finnsson.	13 - - -

Járnmerki KKÍ:

Hreggviður Jónsson,	13 - - -
---------------------	----------

Kristján J. Valdemarsson	12 ára -	Langholtssk.
Tómas Þ. Jónsson,	12 -	- -
Jón Ragnarsson,	12 -	- -
Árni J. Geirsson,	12 -	- -
Tryggvi Tryggvason,	12 -	- -
Gísli Þorsteinsson,	12 -	- -
Júlíus Hafsteinsson.	12 -	- -

Skýrsla laga- og leikreglnanefndar KKÍ.

Í laga og leikreglnanefnd KKÍ störfuðu þeir Helgi Jónsson og Þráinn Scheving, auk form. nefndarinnar Halldórs Sigurðssonar.

Efnt var til 2 dómaraámskeiða á árinu, það fyrra fyrir íþróttakennara að tilhlutan íþróttakennaraskóla Íslands. Munnlegu prófi luku fjórir íþróttakennarar, að af ein stúlka, og má geta þess að hún er önnur konan er hlýtur dómaraárettindi í körfuknattleik. Seinna dómaraámskeiðið var ætlað fyrir almenning, en tókst ekki sem skyldi, þar sem ekki mættu nema tveir nemendur, þrátt fyrir auglýsingar í blöðum og útvarpi.

Fyrsti íslenski körfuknattleiksdómariinn fór utan á þessu ári. Var það Guðjón Magnússon er slóst í för með landsliði því, sem tók þátt í Polar Cup í Helsinki. Guðjón hefur fengið mikla reynslu sem dómari, og hefur verið okkur mikil hjálparhella sem leiðbeinandi á þeim dómaraámskeiðum, sem haldin hafa verið. Á hann þakkir skylið.

Eins og flestum er kunnugt var á árinu 1963 stofnað Körfuknattleiksdómarafélag Íslands, hefur það létt og auðveldað störf KKÍ að miklum mun, auk þess sem það eykur samheldni körfuknattleiksdómara.

Á árinu voru gefin út 31 dómarskírteini og er ráðgert að endurnýja þau um hver áramót.

Reykjavíkurmót.

Reykjavíkurmót í körfuknattleik var haldið á tímabilinu 2. nóv. til 8. des. 1963. KKRR sá um framkvæmd mótsins.

Sigurveggarar í einstökum flokkum urðu þessir:

M.fl. karla Í.R.	3. fl. drengja Í.R.
1. fl. - Ármann	4. fl. - K.R.
2. fl. - Í.R.	

Unglingakeppni í körfuknattleik.

Síðastliðið vor barst KKÍ boð frá Körfuknattleiksráði Gautaborgar í Svíþjóð fyrir úrvalslið Reykjavíkur að keppa í borgarkeppni unglingsliða á Norðurlöndum.

Keppni þessi hefir verið haldin undanfarin vor í Gautaborg og hafa tekið þátt í henni úrvalslið unglinga frá Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Turku í Finnlandi og lið Gautaborgar.

Stjórn KKÍ kom boði þessu áleiðis til KKRR og mun ráðið hafa fullan huga á að taka þátt í þessari keppni. Þátttakendur á þessu móti í Gautaborg í vor skulu vera fæddir 1946 eða síðar.

Evrópukeppni unglingsliða.

Eins og menn muna, tók unglingslið okkar í fyrsta skipti þátt í Evrópukeppni unglingsliða, með þátttöku í undanrás í París haustið 1963. Liðið sigraði bæði England og Luxemburg og þátttaka þess var bæði KKÍ og Íslandi til sóma.

Undanrásir í næstu Evrópukeppni unglingsliða mun væntanlega fara fram næsta haust, en úrslitaleikir verða leiknir í Ítalíu um páskana 1966.

Æskilegt væri að unglingslið okkar tæki þátt í þessari keppni, því óhætt er að fullyrða að þátttaka okkar 1963, vakti almennari athygli á körfuknattleiksíþróttinni, heldur en nokkur önnur keppni, er lið okkar hafa tekið þátt í.

Gjöf frá Pan American.

Hr. Harry Girdler, stöðvarstjóri Pan American World Airways á Keflavíkurflugvelli færði formanni KKÍ nýlega veglega gjöf til sambandsins. Er það verðlaunagripur til að keppa um á Íslandsmótinu. Eins og mönnum mun kunnugt, þá unnu ÍR-ingar til eignar á síðasta Íslandsmóti, bikar þann er Sjóvá gaf til keppni í meistaraflokki karla.

Verðlaunagripurinn frá Pan American er stytta af körfuknattleiksmanni, sem stendur á þöndum vængjum, er rísa upp af stalli úr harðviði. Gripnum fylgja þau fyrirmæli að hann vinnist til eignar eftir að hafa verið unninn þrisvar í röð eða fimm sinnum alls.

Ævifélagi KKÍ.

Körfuknattleikssambandið eignaðist sinn fyrsta ævifélaga á árinu, en það var heiðursforseti ÍSÍ, Benedikt G. Wåge, sem fyrstur manna greiddi ævifélagagjald til KKÍ.

Þess skal jafnan minnst, að Ben. G. Wåge var einn aðal frumkvöðullinn að stofnun KKÍ og forseti stofnþingsins.

Íslandsmótið 1964.

Íslandsmótið hófst 9. febrúar og lauk því 9. apríl. KKÍ sá um framkvæmd mótsins og skipaði stjórnin sérstaka framkvæmdanefnd. Í nefndinni áttu sæti: Magnús Björnsson, Einar Ólafsson og Halldór Sigurðsson.

Góð samvinna var við KKDÍ, sem raðaði dómurum á leikina. Á mótinu kepptu 30 lið frá 10 félögum eða frá Ármanni, Í.R., Í.S., K.F.R. og K.R. úr Reykjavík. Karla og kvinnalið frá UMF Skallagrími í Borgarnesi. Karlalið frá Héraðssambandinu Skarphéðni, unglingslið frá Í.K.F. og kvinnalið frá Fimleikafélaginu Björk í Hafnarfirði. Sem gestur á mótinu kepptu piltar frá Menntaskólanum á Laugarvatni. Laugvetningar unnu alla sína leiki, en þeir kepptu í I. flokki. Var þátttaka þeirra mjög ánægjuleg, enda hefir Menntaskólinn á Laugarvatni um árabil verið eitt höfuðvígi körfuknattleiksins utan höfuðborgarinnar.

Í meistaraflokki karla sigraði Í.R. með yfirburðum og unnu ÍR-ingar alla sína leiki, en leikin var tvöföld umferð.

Staðan í meistaraflokki var þessi:	ÍR	281:202	8	stig
	Á.	223:253	2	-
	KR	231:284	2	-

Önnur úrslit voru þessi:

M. fl. kvenna,	UMF Skallagrímur.
1. fl. karla,	Ármann.
2. fl. -	Í.R.
3. fl. drengja	Í.R.
4. fl. -	K.R.

Þátttaka utanbæjarliðanna setti skemmtilegan svip á mótið og kom í ljós að margir efnilegir körfuknattleiksmenn eru í liðum utan

höfuðborgarinnar, en þjálfaraskortur er mikið vandamál hjá flestum félögunum.

Iðkendur körfuknattleiks árið 1963.

Samkvæmt kennsluskýrslum er ÍSí hafa borist fyrir árið 1963, voru iðkendur körfuknattleiks í hinum ýmsu íþróttahéruðum svo sem hér segir:

Íþróttabandalag Reykjavíkur	569 karlar	80 konur
- - Hafnarfjarðar		20 -
- - Siglufjarðar	12 -	12 -
- - Ólafsfjarðar	35 -	28 -
- - Akureyrar	140 -	16 -
- - Vestmannaeyja	40 -	
- - Suðurnesja	50 -	
Ú.Í.A.	16 -	
Ungmennasamband Kjalarness	15 -	
- - Borgarfjarðar	25 -	14 -
Héraðssamband Strandamanna	8 -	
- - V.-Ísfirðinga	16 -	
- - Skarphéðinn	132 -	

Fjöldi þeirra sem iðka körfuknattleik mun vera talsvert hærri en þessar kennsluskýrslur bera með sér. Er t.d. athyglisvert að Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu sýnir enga iðkendur körfuknattleiks, enda þótt vitað sé, að Stykkishólmur og Borgarnes hafa háð bæjarkeppni í þessari íþróttagrein um árabil.

Að sjálfsögðu nær þessi upptalning ekki yfir þann mikla fjölda unglunga, sem iðka körfuknattleik í skólum landsins.

Landsleikir Íslands í körfuknattleik.

Ísland-Danmörk.

1. 1959 16/5 í Kaupmannahöfn (Otto Mönstedhallen) 49-52
2. 1961 3/4 í Kaupmannahöfn (Bellahøjhallen) 45-49 (20-28)
3. 1962 4/11 í Stokkhólmi (Eriksdalshallen) 60-41 (24-24) X
4. 1964 20/3 í Helsinki (Helsinki Urheirutalu) 56-55 (25-26)

Ísland-Svíþjóð.

- | | | | | | | |
|----|------|------|--------------|------------------------|-------|---------|
| 1. | 1961 | 2/4 | í Næstved | (Næstvedhallen) | 45-53 | (19-22) |
| 2. | 1962 | 2/11 | í Stokkhólmi | (Eriksdalshallen) | 38-63 | (21-32) |
| 3. | 1963 | 17/9 | í París, | unglingalandslið | 25-64 | (11-29) |
| 4. | 1964 | 21/3 | í Helsinki | (Helsinki Urheilutalu) | 59-65 | (23-25) |

Ísland-Finnland.

- | | | | | | | |
|----|------|------|--------------|------------------------|--------|---------|
| 1. | 1962 | 3/11 | í Stokkhólmi | (Eriksdalhallen) | 47-100 | (27-47) |
| 2. | 1964 | 22/3 | í Helsinki | (Helsinki Urheilutalu) | 48-81 | (19-40) |

Ísland-Skotland.

- | | | | | | | |
|----|------|------|--------------|-------------|-------|---------|
| 1. | 1962 | 9/11 | í Kirknewton | (USAF Gym.) | 52-59 | (22-30) |
|----|------|------|--------------|-------------|-------|---------|

Ísland England.

- | | | | | | | |
|----|------|------|----------|------------------|-------|---------|
| 1. | 1963 | 20/9 | í París, | unglingalandslið | 63-53 | (22-29) |
|----|------|------|----------|------------------|-------|---------|

Ísland-Luxemburg.

- | | | | | | | |
|----|------|------|----------|------------------|-------|---------|
| 1. | 1963 | 16/9 | í París, | unglingalandslið | 62-49 | (29-20) |
|----|------|------|----------|------------------|-------|---------|

Ísland-Frakkland.

- | | | | | | | |
|----|------|------|----------|------------------|-------|---------|
| 1. | 1963 | 18/9 | í París, | unglingalandslið | 40-79 | (14-50) |
|----|------|------|----------|------------------|-------|---------|

REKSTRARREIKNINGUR KKI.

GJÖLD.

Húsaleiga	kr.	4.200.00	
Þjálfaraløn	-	11.750.00	
Ferðakostnaður þjálfara	-	11.373.00	
Búningar	-	3.496.00	
Hreinsun búninga	-	1.254.00	
Akstur til Keflav.fl.v. v/æfinga	-	<u>8.875.00</u>	
			kr. 40.948.00
Ferðakostnaður	-	<u>115.822.00</u>	kr. 115.822.00
Prentun	-	19.824.74	
Póstur og sími	-	2.057.30	
Myndir og auglýsingar	-	1.300.00	
Gjafir	-	2.582.30	
Vextir	-	2.956.81	
Skattur til F.I.B.A.	-	3.386.50	
Húsaleiga til ÍSÍ	-	6.000.00	
Ferðakostn. á þing F.I.B.A.	-	2.048.79	
Ýmis kostnaður	-	<u>98.75</u>	
			kr. 40.255.19
Ípróttamót:			
Gjöld	-	20.632.65	
+ Tekjur	-	17.543.25	kr. 3.089.40
Afskriftir:			
Sjá efnahagsreikn.	-	6.324.00	kr. 6.324.00

Samtals kr. 206.438.59

TEKJUR:

Styrkur frá ÍSÍ	kr.	75.436.95
Styrkur frá ÍBR	kr.	21.600.00
Styrkur frá Olympíunefnd	kr.	20.000.00
Styrktar- og ævifélagar	kr.	6.290.00
Tæknimerki	kr.	1.235.00
Auglýsingar í leikskrá	kr.	72.000.00
Tap	kr.	<u>9.876.64</u>

Samtals kr. 206.438.59

EFNAHAGSREIKNINGUR Pr. 1/11 1964.

Eignir

Sjóður		kr.	6.276.85
Banki		kr.	2.628.34
Einar Bollason		kr.	2.125.00
Í.S.Í.		kr.	996.88
Leikreglur		kr.	5.000.00
Ógr. keppnisskírteini		kr.	1.725.00
Tæknimerki		kr.	7.804.35
Búningar	kr. 15.114.00		
afskráðir			
áður	kr. 3.497.00		
afskr. '64	kr. 3.779.00	kr.	7.838.00
Knettir	kr. 7.400.00		
afskr. áður	kr. 3.360.00		
- 1964	kr. 1.600.00	kr.	2.440.00
Leiktafla	kr. 1.935.00		
afskr. 1964	kr. 195.00	kr.	1.740.00
Leikklukka	kr. 500.00		
afskr. 1964	kr. 50.00	kr.	450.00
Bindisnælur	kr. 7.000.00		
afskr. 1964	kr. 700.00	kr.	6.300.00
Gjöld umfram tekjur		kr.	9.876.64

Samtals kr. 55.201.06

Skuldir

K.K.R.R.		kr.	5.000.00
Bogi Þorsteinsson		kr.	9.091.06
Valur		kr.	8.800.00
Ógr. húsaleiga		kr.	4.200.00
Bókasjóður ÍSÍ		kr.	4.000.00
Helgi Jóhannsson		kr.	7.020.00
Einar Ólafsson		kr.	7.250.00
K.K.D.I.		kr.	1.000.00
Ferðabílar		kr.	4.600.00
Júlíus Guðjónsson		kr.	4.240.00

Samtals kr. 55.201.06

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS - FJÁRHAGSÁÆTLUN 1965.

Gjöld:

Skattur til F.I.B.A.	3.400.00
Þjálfunarkostnaður landsliðs	15.000.00
Unglingalandslið	150.000.00
Oddfánar og gjafir	2.500.00
Útbreiðslustarfsemi	20.000.00
Skrifstofukostnaður	7.000.00
Skuldir frá fyrra ári	40.000.00
Vextir og bankakostnaður	3.000.00

Kr. 240.900.00

Tekjur:

Rekstrarfé frá ÍSí	40.000.00
Kennslustyrkir frá ÍSí	3.000.00
Styrktarfélagagjöld	10.000.00
Seld keppnisskírt.	5.000.00
Seld tæknimerki KKÍ	3.000.00
Tekjur af leikskrá	90.000.00
Tekjur af leikjum	3.000.00
Ferðastyrkir	40.000.00
Seldar leikreglur	1.000.00
Óvissar tekjur	45.900.00

Kr. 240.900.00

Tillaga KKÍ um deildarskiptingu á meistaraflokki karla á Íslandsmeistaramótum.

5 félög eiga rétt á keppni í I. deild, meðan félagsfjöldinn fer ekki fram úr 11. En séu þáttökufélögin fleiri, þá taka 6 þeirra þátt í I. deild en næstu 7 í II. deild. Fjölgi félögum enn, keppi 6 efstu í I. deild, 6 næstu í II. deild, en afgangurinn (allt að 7 félög) í III. deild, og þannig koll af kolli.

Árþing K.K.Í. felur næstu stjórn K.K.Í. að koma á bikarkeppni í körfuknattleik á næsta starfsári. Keppnin skal vera útsláttarkeppni og skal miðað að því, að hún nái til sem flestra körfuknattleiksfélaga á landinu.

Að öðru leiti skal stjórn K.K.Í. falið að sjá um samning reglugerðar fyrir keppnina og framkvæmd hennar.